



## Stjórnarfundur UÍA – 30. mars 2020. kl, 17.00

Mættir eru Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, Pálína Margeirsdóttir,

Auður Vala Gunnarsdóttir, Benedikt Jónsson og Ester Sigurðardóttir

### Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð frá 2.mars samþykkt samhljóða.
- Covid-19 áhrif á íþróttahreyfinguna.

Gunnar formaður fer yfir áhrif Covid á íþróttahreyfinguna, þar er margt sem ber að nefna eins og beiðnir frá foreldrum um endurgreiðslu æfingagjalda, erfitt rekstrarlega fyrir félögin. Auður Vala fer yfir viðbrögð fimleikadeildarinnar, þar eru allir þjálfarar í vinnu senda æfingaprógrönn á iðkendur og iðkendur þurfa að merkja við sig, varðandi mætingu. Henni skilst að séu þjálfarar séu að sinna börnunum þá geti foreldrar ekki óskað eftir endurgreiðslu. Gunnar segist ekki hafa heyrt af öðrum deildum/félögum sem hafa gert eitthvað viðlíka og Auður Vala fer yfir. Auður Vala telur að mörg félög og margar deildir séu að gera svipaða hluti. Ester heldur að allt hafi dottið niður á Djúpavogi, en Gassi telur að einhver félög hér fyrir austan séu að gera svipaða hluti eða að einhverju leiti. Rætt um æfingagjöld, Auður Vala telur að það þurfi að koma einhver lína varðandi æfingagjöld svona til viðmiðunar fyrir félög um allt land. Mikilvægt að UMFÍ og ÍSÍ komi fram sem heild og komi sínum skilaboðum fram hvort sem um er að ræða æfingar eða æfingagjöld. Gunnar formaður fer yfir ýmsar ákvarðanir sem að þessu snúa og umræður sem hafa verið. Talið líklegt að Fimleikasamband Ísland muni fresta öllum sínum mótum fram á sumar.

Gæti verið sterkt að hvetja félögin til að halda utan um iðkendurna sína á þessum tíma, hvetja þjálfara til að senda þeim æfingar og mikilvægt að hvetja til virkni þó það sé samgöngubann. Mikilvægt að halda að börnum í rútinu, sofa, borða æfa og það allt.

Gunnar fer yfir að það hafi verið rætt um að félögin geti hjálpast að, getur verið erfitt fyrir minni félög að halda úti starfi á þessum tímum. Einnig væri hægt að hvetja félög til að nota tímann í námskeið á netinu fyrir sína starfsmenn þ.e þjálfara, ýmislegt

hægt að finna til dæmis á Æskulýðsvettvanginum.

- Covid v/ þing og viðburða í sumar

Gunnar formaður ekki bjartsýnn á að við getum haft þingið okkar 10 maí, stjórn sammála að setja þingið á ís á meðan þessir óvissutímar ganga yfir. Spurning hvað við ætlum að gera ef ástandið lagast ekki fyrr en komið verður fram í júní eða seinni. Samþykkt að bíða og sjá hvað gerist næstu vikur. Spurning hvornig verður með farandþjálfun í júní, getum ekki haldið úti æfingum ef ástandið verður ekki orðið betra. Gerum okkur vonir um að hlutirnir verði farnir að skána þá.

Tvær umsóknir komu varðandi sumarstarf hjá UÍA, flottar umsóknir sem bárust en verður skoðað betur með tilliti til reynslu með börnum og þjálfunar feril.

Önnur mál.

Ekki enn búið að greiða Lottóið til félaga, Gunnar Gassi gerir ráð fyrir að þetta verði klárt einhvern næstu daga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00

Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir